

af forstöðukonu í byrjun hvers námstímabils. Við ákvörðun þess skal tillit tekið 47  
til verðlags á þeim tíma. Forstöðukonan ákveður um greiðslu þessa gjalds. Annað 11. maí  
skólagjald greiða nemendur ekki.

## IX. KAFLI

### Um húsmæðranámskeið.

32. gr.

Í sambandi við skólann er heimilt að halda húsmæðranámskeið. Forstöðukona skólans stýrir þeim og ræður tilhögun þeirra í samráði við kennara skólans.

Á þessum námskeiðum skal láta kennslukonuefnin kenna, eftir því sem tók eru á.

Reglugerð þessi öðlast gildi 1. júní 1942.

*Í kennslumálaráðuneytinu, 11. maí 1942.*

**Hermann Jónasson.**

*Gústav A. Jónasson.*

## AUGLÝSING

48

20. maí

um breyting á tímaákvörðunum og kærufrestum, er um ræðir í IV. kafla laga nr. 6 9. jan. 1935, um tekjuskatt og eignarskatt.

Samkvæmt heimild í i-lið 14. greinar laga frá 20. maí 1942 um breyting á lögum nr. 6 9. jan. 1935, um tekjuskatt og eignarskatt, hefur ráðuneytið ákveðið, að tímaákvörðanir og frestir samkvæmt 36., 37. og 38. gr. laga nr. 6 9. jan. 1935, skuli breytast svo sem hér segir við álagningu tekju- og eignarskatts árið 1942:

#### Útan Reykjavíkur:

Skattskrár skulu lagðar fram fyrir 5. júní þ. á. og skulu þær liggja til sýnis til 10. júní þ. á. á lögákvæðnum stað.

Kærufrestur til undirskattanefnda skal vera til 10. júní þ. á.

Úrskurðir undirskattanefnda um kærur skulu felldar fyrir 15. júní þ. á.

Kærufrestur til yfirskattanefndar skal vera til 1. júlí þ. á.

Úrskurðir yfirskattanefndar skulu felldir fyrir 8. júlí þ. á.

Yfirskattanefndir skulu hafa lokið störfum sínum fyrir 8. júlí þ. á.

*Fjármálaráðuneytið, 20. maí 1942.*

F. h. r.

**Magnús Gíslason.**

*Einar Bjarnason.*